158. löggjafarþing 2026–2027.
Þingskjal 444 — 178. mál.

Svar

atvinnuvegaráðherra við fyrirspurn frá Njáli Trausta Friðbertssyni um fjarskiptakerfi.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvaða farsíma- og gagnaflutningskerfi nýta ráðuneytið og stofnanir þess í fjarskiptum sínum? Svar óskast sundurliðað eftir framleiðanda og stofnun.

Ráðuneytið og stofnanir þess nota fjarskiptaþjónustu margra fjarskiptafyrirtækja sem veitt er um ýmis fjarskiptakerfi fyrir farsíma- og gagnaflutning. Eðli máls samkvæmt fara fjarskipti tveggja aðila um þau fjarskiptakerfi sem fjarskiptaþjónusta beggja aðila byggir á. Því er ómögulegt að segja hvaða fjarskiptakerfi eða búnaður kemur við sögu í fjarskiptum við aðra aðila.

Sundurliðun á fjarskiptaþjónustu einstakra ráðuneyta og ríkisstofnana og notkun þeirra á tilteknum farsíma- og gagnaflutningskerfum eða búnaði slíkra kerfa getur skapað öryggisógn. Slíkar upplýsingar mætti nota til skipulagðra netárása á umrædd kerfi með það fyrir augum að hafa áhrif á fjarskipti stjórnvalda og þá þjónustu sem reiðir sig á fjarskipti og gagnaflutning. Með hliðsjón af slíkri mögulegri öryggisógn er á grundvelli öryggishagsmuna hvorki upplýst hvaða farsíma- og gagnaflutningskerfi eru notuð né hverjir framleiðendur búnaðar þessara kerfa eru.